

Eftirfylgni: Náttúruminjasafn Íslands

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendingu sína frá 2015 um að mennta- og menningarmálaráðuneyti þurfi að móta framtíðarstefnu fyrir Náttúruminjasafn Íslands. Alþingi ályktaði um uppbyggingu safnsins árið 2016 og samkvæmt áætlunum ráðuneytisins mun stefna þar um liggja fyrir árið 2019. Auknu fé hefur verið veitt til safnsins og sýning á þess vegum er í undirbúningi í samstarfi við einkaaðila.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir þó hversu lengi stefnumótun um starfsemi Náttúruminjasafns Íslands hefur dregist. Frá stofnun hefur safnið ekki staðið undir lögbundnu hlutverki sínu sem höfuðsafn og sem fyrr eru hnökkrar á samstarfi þess og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í framtíðarstefnu safnsins þarf m.a. að taka á þessum þáttum. Ríkisendurskoðun telur brýnt að mennta- og menningarmálaráðuneyti styðji betur við uppbyggingu og starfsemi safnsins.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar 2012

Í skýrslunni [Náttúruminjasafn Íslands](#) (2012) hvatti Ríkisendurskoðun mennta- og menningarmálaráðuneyti til að marka starfsemi safnsins, uppbyggingu þess og umfangi stefnu til framtíðar. Starfsemin væri enn á upphafsreit eftir um fimm ára starfstíma. Sýningarhald hefði ekki hafist, húsnæðismál væru ótrygg, safnkosturinn væri fábreytilegur og fjárveitingar rétt nægðu fyrir lágmarkskostnaði. Safnið uppfyllti því ekki skyldur sínar sem höfuðsafn. Ríkisendurskoðun taldi að vandinn hefði verið fyrirsjáanlegur þegar lög um safnið voru sett árið 2007. Þá lágu engar áætlanir fyrir um uppbyggingu safnsins, rekstur eða fyrirhuguð útgjöld. Ríkisendurskoðun benti einnig á að verkefni Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands sköruðust m.t.t. söfnunar, varðveislu, rannsókna og miðlunar. Stofnunin beindi því til mennta- og menningarmálaráðuneytis að það þyrfti annars vegar að móta framtíðarstefnu fyrir safnið og hins vegar að vanda til verka við setningu nýrrar löggjafar og þegar nýjum stofnunum væri komið á fót.

Eftirfylgni og ítrekuð ábending árið 2015

Ríkisendurskoðun fylgdi ábendingunum eftir í skýrslunni [Eftirfylgni: Náttúruminjasafn Íslands](#) (2015). Stofnunin taldi ekki ástæðu til að ítreka ábendingu sína um að vandað yrði til verka við lagasetningu. Aftur á móti væri ljóst að sömu

annmarkar væru á starfsemi safnsins og fyrr og að engin framtíðarstefna lægi fyrir.

Ríkisendurskoðun taldi nauðsynlegt að ákveðið yrði hvernig lögbundnum verkefnum safnsins yrði sinnt til lengri tíma litið. Það yrði ekki gert án skýrra markmiða og raunhæfrar stefnu sem nyti stuðnings mennta- og menningarmálaráðuneytis og Alþingis. Í því sambandi þyrfti m.a. að huga að framtíðarhúsnæði safnsins og tryggja að hlutverk, skyldur og samstarf Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands væru ljós m.t.t. þeirrar skörunar sem væri á verkefnum þeirra. Stofnunin ítrekaði því ábendingu sína til mennta- og menningarmálaráðuneytis um að mótuð yrði framtíðarstefna fyrir Náttúruminjasafn Íslands.

Í viðbrögðum mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2015 kom fram að ráðuneytið hefði m.a. haft samráð við allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um málefni safnsins. Mótun framtíðarstefnu hefði verið látin bíða en áhersla lögð á sýningar- og húsnæðismál safnsins. Einkum hefði verið athugaður sá möguleiki að setja upp sýningu á náttúruminjum í Perlunni í Reykjavík en án niðurstöðu.

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2018

Í nóvember 2017 óskaði Ríkisendurskoðun eftir upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti um hvernig brugðist hefði verið við ábendingunni sem sett var fram árið 2015. Svör ráðuneytisins bárust í janúar 2018.

Hvað snýr að húsnæðismálum Náttúruminjasafns Íslands hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti upplýst að samningur um leigu á skrifstofuhúsnæði safnsins í Loftskeytastöðinni hjá Háskóla Íslands var endurnýjaður 27. febrúar 2018. Samningurinn er til þriggja ára og tekur til leigu á öllu húsinu ólíkt fyrri samningi.

Þann 13. október 2016 samþykkti Alþingi ályktun nr. 70/145 um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Í ályktuninni var ríkisstjórninni falið að sjá til þess að í fjármálaáætlun næstu fimm ára verði gert ráð fyrir uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands. Ríkisendurskoðun bendir á að hvorki var minnst á Náttúruminjasafn Íslands í fjármálaáætlun 2017–21 né 2018–22. Í fjár-

málaáætlun 2017–21 sagði þó að eitt af meginmarkmiðum aðgerða ríkisins á sviði menningar og lista væri að stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og bæta aðgengi að þeim. Ákvörðun um framkvæmdir yrði tekin á grundvelli þarfagreiningar um uppbyggingu starfsaðstöðu stofnana. Ríkisendurskoðun telur að kveða hefði mátt skýrar á um uppbyggingu safnsins í samræmi við þingsályktunina. Þess ber að geta að í fjármálaáætlun 2019–23 segir að unnið verði sérstaklega að málefnum Náttúruminjasafns Íslands, m.a. með uppsetningu sýningar í Perlunni og undirbúningi að framtíðaruppbyggingu safnsins.

Á grundvelli ályktunar Alþingis óskaði mennta- og menningarmálaráðuneyti eftir að Náttúruminjasafn Íslands endurskoðaði eldri áætlanir um uppbyggingu safnsins og legði fram nýja greiningu og áætlun um þarfir þess til framtíðar. Drög að slíkri greiningu lágu fyrir 9. mars 2017. Þar kemur fram að þörf safnsins á framtíðarhúsnæði sé áætluð um 4.000 m² og að byggingarkostnaður gæti orðið um 2 ma.kr. Reiknað er með að um 18 starfsmenn þurfi til að sinna 12–18 ársverkum. Ráðuneytið hefur ekki tekið afstöðu til draganna. Samkvæmt svörum ráðuneytisins er fyrirhugað að vinna að stefnumótun í málefnum safnsins á síðari hluta árs 2018 og að fullmótuð stefna um varanlega uppbyggingu safnsins liggja fyrir árið 2019.

Að mati mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur Náttúruminjasafn Íslands aukna möguleika til að sinna verkefnum sínum en áður, m.a. vegna aukinna fjárframlaga. Samkvæmt ríkisreikningi 2016 var rekstrarframlag ríkisins til safnsins rúmar 28 m.kr en fjárlög ársins 2018 gera ráð fyrir að það verði tæpar 66 m.kr. Auk þess samþykkti Alþingi við afgreiðslu laganna að 290 m.kr. yrði veitt til safnsins vegna sýningarhalds í Perlunni að tillögu ráðuneytisins.

Árið 2016 bauð félagið Perla norðursins Náttúruminjasafni Íslands að taka þátt í sýningarhaldi í Perlunni í Öskjuhlíð. Tilboðið felur í sér að Náttúruminjasafn Íslands fái sýningarrými í Perlunni endurgjaldslaust og að félagið greiði allan rekstrarkostnað. Safnið greiði á móti stofnkostnað við uppsetningu sýningarinnar og viðhald hennar. Félagið og safnið gerðu samkomulag vorið 2017, að höfðu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti, um að safnið gerði tillögu að sýningu í tæplega 400 m² rými í Perlunni. Sú tillaga var send ráðuneytinu 9. nóvember 2017 og lá til grundvallar tillögu ráðuneytisins og ákvörðunar Alþingis um að veita auknu fé til safnsins. Að sögn ráðuneytisins er

stefnt að því að gera samning um sýningarhaldið og á þeim grunni geti safnið hafið vinnu við síðari áfanga verkefnisins, þ.e. lokahönnun, framleiðslu og uppsetningu sýningarinnar. Miðað er við að sýningin verði opnuð 1. desember 2018.

Ríkisendurskoðun minnir á að þörf Náttúruminjasafns Íslands fyrir húsnæði og skyldur þess sem höfuðsafn verða einungis uppfylltar að hluta með þessum ráðahag. Hvorki er um grunnsýningu né framtíðarhúsnæði að ræða. Taka má undir að safnið sé betur í stakk búið en áður til að takast á við lögbundin verkefni sín og væntanleg sýning á vegum safnsins er skref í rétta átt. Ríkisendurskoðun bendir þó á að skýr framtíðarsýn sé forsenda þess að fjárveitingum til safnsins sé varið á hagkvæman, skilvirkan og árangursríkan hátt. Að auki er vönduð stefnumótun um verkefni og framtíð safnsins brýn í ljósi þeirra hnökra sem enn virðast vera á samskiptum og samstarfi Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Samskiptin hafa aukist frá því sem áður var en svo virðist sem hvorki ríki einhugur né sátt um hvernig stofnanirnar geta unnið að þeim verkefnum sem kalla á samstarf þeirra.

Þar sem tímasett áform liggja fyrir um mótun framtíðarstefnu safnsins og aukin umsvif þess ítrekar Ríkisendurskoðun ekki ábendingu sína. Stofnunin hvetur ráðuneytið þó til að ljúka stefnumótun og áætlanagerð um uppbyggingu safnsins í samræmi við fyrirætlanir sínar og vilja Alþingis. Nýta þarf þetta tækifæri til að taka á þeim þáttum sem komið hafa í veg fyrir farsælt samstarf Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands og tryggja að safnið geti uppfyllt lögbundið hlutverk sitt sem höfuðsafn.

Um úttektina

Úttekt þessi er unnin með vísan í 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnarsýsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir anmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fékk drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin því fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.